



**SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA**

# **Árangurskönnun Atvinnuþróun og nýsköpun**

## **Niðurstöður könnunar**

**Október 2016**

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir  
Ráðgjafi og verkefnastjóri  
Nýheimar Höfn


## ALMENNT

Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlutu styrk úr atvinnuþróunar- og nýsköpunarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Könnunin er send út a.m.k. 6 mánuðum eftir að styrkur er veittur. Í þessu tilfalli var könnunin send á alla þá er hlutu styrk haustið 2015 og vorið 2016, til alls 53 styrkhafa og fékkst 60% svörun frá 32 styrkþegum.


## ÁRANGUR VERKEFNA

Flestir svarenda hlutu styrk á bilinu, 215-500 þúsund eða tæp 66% svarenda, tæp 19% hlutu 501 þúsund – 1 milljón, tæp 10% hlutu yfir 1 milljón. Aðeins 6% hlutu undir 250 þúsund. Alls hafa 11 styrkhafar lokið við verkefnið, 2 eru ekki farnir af stað og 19 styrkhafar eru enn að vinna að verkefninu. Flestir styrkþegar, 62% svarenda, eru með rekstur sem veltir á bilinu 0-5 milljónum ári.

Meiri hluti svarenda telja að rekstur og hagnaður reksturs muni aukast innan næstu tveggja ára og engin svaraði að þessir tveir hlutir muni standa í stað (sjá mynd 1 og 2).




Mynd 1: Telur þú að umsvif reksturs muni aukast á næstunni?




Mynd 2: Telur þú að hagnaður muni aukast á næstunni?

Þegar spurt var hvort styrkþegar teldu að starfsmönnum myndi fjölga á næstunni svöruðu 50% að þeim myndi fjölga innan tveggja ára, tæp 16% svarenda töldu að þeim myndi fjölga eftir meira en tvö ár og 28% töldu að starfsmannafjöldi myndi standa í stað (sjá mynd 3). Rúmlega 62% svarenda töldu styrkveitingu nú þegar hafa skapað störf og þau störf eru af ýmsum toga og flest sem krefjast einhversskonar sérmenntunar (sjá mynd 4).




Mynd 3: Starfsmenn muni fjölga á næstunni?




Mynd 4: Hvers konar störf hefur styrkveitingin aðallega skapað?

Áhugavert er að sjá að niðurstöður spurningarinnar um hvort styrkþegar teldu að styrkveitingin hefði leitt til þess að ný vara eða þjónusta hafi verið sett á markað. Tæplega 90% svöruðu annað hvort játandi eða gerðu ráð fyrir því innan tveggja ára. Sama má segja þegar spurt var hvort styrkveitingin hefði leitt af sér hönnun eða þróun frumgerðar vöru eða þjónustu, þá svöruðu tæplega 60% styrkþega því játandi og 35% að þeir gerður ráð fyrir því innan tveggja ára. Tæplega 97% svarenda töldu árangur af verkefninu með tilliti til markmiða sjóðsins vera annað hvort góðan eða mjög góðan.



Mynd 5: Ný vara eða þjónusta á markað?




Mynd 6: Hönnun eða þróun frumgerðar vöru eða þjónustu?

## UM STYRKVEITINGAR Á VEGUM SASS


Styrkþegar voru spurðir hvernig þeir teldu að stærð og fjöldi styrkveitinga ætti að vera. Kom í ljós að flestir eru sammála því að annað hvort eigi stærð og fjöldi að ráðast af eðli verkefna hverju sinni eða að fjölbreytni eigi að ríkja í styrkveitingu. Þegar spurt var um hversu ánægðir/óánægðir styrkþegar voru með styrkveitingu SASS kom í ljós að yfir 97% svarenda voru frekar eða mjög ánægðir með styrkveitinguna. Einnig var spurt hversu margar styrkveitingar ættu að vera á ári og töldu yfir 87% svarenda að það ættu að vera tvær úthlutanir á ári fremur en ein.

## ÞJÓNUSTA Á VEGUM SASS

Spurt var út í ýmsa þætti er lúta að þjónustu á vegum SASS. Fyrsta spurningin tengdist því hversu ánægður eða óánægður styrkþegi var með handleiðslu og eftirfylgni. Yfir 80% svarenda voru frekar eða mjög ánægðir og aðeins 3% frekar óánægðir (sjá mynd 7). Einnig var spurt um ánægju með útgreiðslu styrkja og voru tæplega 80% svarenda frekar eða mjög ánægðir og 19% svöruðu hvorki né sem gæti verið vegna þess að þeir hafi enn ekki fengið útgreiðslu. Einnig var spurt um þjónustu ráðgjafa og starfsfólks á vegum SASS og sögðust tæplega 97% svarenda vera frekar eða mjög ánægðir með þjónustuna og aðeins einn sem var frekar eða mjög óánægður (sjá mynd 8).



Mynd 7: Ánægja/óánægja með handleiðslu og eftirfylgni?



Mynd 8: Ánægja/óánægja með þjónustu ráðgjafa/starfsmanna SASS

Að lokum var spurt um aukna stuðningsþjónustu við frumkvöðla og fyrirtæki á Suðurlandi og voru 75% svarenda sammála um að að þörf væri á aukinni þjónustu, tæp 19% svarenda sögðust ekki vita það og aðeins 6% taldi svo ekki vera. Niðurstöðurnar í þessum lið eru mjög svipaðar í öllum könnunum sem framkvæmdar voru vegna Uppbyggingarsjóðsins haustið 2016, allar eiga það sameiginlegt að stærsti liðurinn er „aðstoð við fjármál/fjármögnun“ og „aðstoð við markaðsmál“.

Answer Choices	Responses	
Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	56.25%	18
Aðstoð við gerð styrkumsókna	28.13%	9
Aðstoð við markaðsmál	46.88%	15
Aðstoð við útflutning	9.38%	3
Handleiðslu og ráðgjöf	28.13%	9
Þróun vöru og þjónustu	25.00%	8
Upplýsingaþjónustu	25.00%	8
Eftirfylgni	15.63%	5
Aðstoð við rekstur og stjórnun	21.88%	7
Aðstoð við stofnun fyrirtækja	21.88%	7
Annað, þá hvað	9.38%	3
<b>Total Respondents: 32</b>		

## NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar koma vel út í þessari könnun. Það virðist vera almenn ánægja meðal styrkþega með úthlutun á vegum sjóðsins og þjónustu. Þar sem u.þ.b. helmingur hópsins sem tók þessa könnun fékk úthlutað í vor þegar rétt um 6 mánuðir eru liðnir, má vænta þess að þau séu sá hluti sem ekki hefur lokið við verkefni sín. Það gæti verið betra að bíða þar til u.þ.b. 7-8 mánuðir eru liðnir frá úthlutun þar til árangurskönnunin er send út. Greinilega má SASS bæta stuðningsþjónustu sína og þá helst í þessum tveimur flokkum er tengjast fjármálum og markaðsmálum.